

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Kleppjárnsreykir, skólasvæði, nýtt deiliskipulag.*

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar samkvæmt samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti á fundi nr. 60 14. desember 2023 tillögu að nýju deiliskipulagi á Kleppjárnsreykjum.

Deiliskipulag þetta tekur til svæðis fyrir þjónustustofnanir (P1) og opið svæði (O4). Innan þjónustusvæðisins er grunnskóli, leikskóli, íþróttahús og sundlaug. Innan opna svæðisins er Kleppjárnsreykjahver og íbúðarlóðir ásamt útivistar- og kennslusvæði.

Skipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Borgarbyggð, 27. febrúar 2024.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Ásgerður H. Hafsteinsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.